

Nd.

480. Frumvarp til laga

[218. mál]

um breyting á lögum nr. 49 29. apríl 1967, um skólakostnað.

Flm.: Bjartmar Guðmundsson.

1. gr.

Á eftir 1. málsg. 29. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
Héraðsskólar, sem reistir hafa verið af ríki og sveitarfélögum og ekki hafa verið afhentir samkvæmt lögum nr. 34 18. apríl 1962, skulu, ef hlutaðeigandi sveitarfélög óska, starfa áfram eftir lögum nr. 41 17. maí 1955, og gilda þá ákvæði þeirra laga um rekstrarkostnað einnig fyrir skólaárið 1968--1969.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á næstliðnum vetri flutti ég frumvarp sama efnis og þetta, sem ekki náði þá fram að ganga. Frumvarpinu fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

„Með lögum nr. 34 18. apríl 1962 gerði Alþingi þá breytingu á lögum nr. 41 17. maí 1955, um greiðslu kostnaðar við skóla, sem kostaðir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, að héruðunum var gefið um það valfrelsi, hvort þau afhentu ríkinu héraðsskólana, þannig að þeir yrðu „séreign ríkisins, ef hlutaðeigandi sveitarfélög óska þess“.

Þessi breyting var gerð vegna mjög eindreginna tilmæla frá aðstandendum nokkurra héraðsskóla úr byggðarlögum, sem töldu sér ofvaxið að standa áfram undir ¼ kostnaðar við byggingu og rekstur skólanna. Með lögum þessum tók ríkissjóður á sig allmikinn fjárhagslegan bagga, sem áður hafði hvílt á herðum íbúa héraðanna.

Allir héraðsskólar, utan einn, munu nú vera komnir á vegu ríkisins samkvæmt þessum lögum.

Suður-Þingeyjarsýsla hefur ekki enn óskað eftir að losa sig undan kostnaði þeim, sem á byggðarlögum þar hefur hvílt vegna nýbygginga, viðhalds og rekstrar Lauga-skóla, og velta honum yfir á ríkissjóð, hefur m. ö. o. ekki notað sér þessa sparnaðarmöguleika.

Með nýjum lögum um skólakostnað, sem afgreidd voru frá Alþingi 18. apríl s. l., voru gerðar breytingar á kostnaðarhlutföllum varðandi skóla, sem kostaðir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum. M. a. þyngist nokkuð hlutur héraðsskóla að því er snertir rekstur og viðhald.

Hins vegar er í 29. gr. kveðið svo á áhrærandi húsmæðraskólana: „Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu vera komin að fullu til framkvæmda 1. sept. 1968. Þó geta sveitarfélög, sem að húsmæðraskóla standa, að fengnum tillögum skólanefndar, fyrir 1. sept. 1968 ákveðið, að skipting rekstrarkostnaðar skólans skuli áfram fara eftir reglum laga nr. 41 1955.“

Munu nú allar skólanefndir húsmæðraskólanna hafa ákveðið að nota þessa heimild.

Það, sem lagt er til með þessari breytingartillögu við skólakostnaðarlögin, er einungis það, að forráðamenn héraðsskóla, sem ekki hefur verið afhentur ríkinu, fái sama valfrelsi og forráðamenn húsmæðraskólanna hafa nú samkv. 29. gr. laganna frá 1967. Ef breytingartillagan yrði samþykkt, verður kostnaðarhluti ríkissjóðs hinn sami og hann er nú. Hins vegar mun hlutur héraðs þyngjast nokkuð að því er snertir rekstur og viðhald, er nýju lögin taka gildi 1. sept., og gæti valdið því, að héraðið sæi sig til neytt að afhenda ríkinu þann eina héraðsskóla, sem enn hefur ekki verið afhentur. Mundi það verða ríkissjóði mikill kostnaðarauki.“